

**ORKUSTOFNUN**

**RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri**

# **Niðurstöður rannsóknar- borana við Grýtu og Sigtún 1999**


**Arnar Hjartarson  
Ingunn María Þorbergsdóttir**

**Unnið fyrir Hlta- og vatnsveitu Akureyrar**

**2000**

**OS-2000/028**



<b>Skýrsla nr:</b> OS-2000/028	<b>Dags:</b> Maí 2000	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Niðurstöður rannsóknarboranna við Grýtu og Sigtún 1999	<b>Upplag:</b> 30	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 91	
<b>Höfundar:</b> Arnar Hjartarson og Ingunn María Þorbergsdóttir ROS-Akureyri	<b>Verkefnisstjóri:</b> Ólafur G. Flóvenz	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Jarðhitarannsóknir - Niðurstöður rannsóknarboranna	<b>Verknúmer:</b> 8 610 603	
<b>Unnið fyrir:</b> Hita- og vatnsveitu Akureyrar		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Jarðhitarannsóknir á Grýtu- og Sigtúnssvæðinu í Eyjafirði var haldið áfram árið 1999 eftir þriggja ára hlé. Þær fólu í sér borun á 21 grunnri hitastigulsholu, segulmælingar og boranir á 5 millidjúpum rannsóknaholum. Samtals voru boraðir 2453 m. Svo virðist sem tekist hafi að staðsetja uppstreymissvæðið sem fæðir Grýtulaug. Heitt jarðhitavatn berst upp á við á mjóum kafla meðfram tveimur göngum sem ná til yfirborðs við holu ST-1. Ofan við 200 m dýpi leitar vatnið út í blandaða basaltsyrpu og berst þaðan upp jarðlagahallann um 500 m leið og kemur loks fram í Grýtulaug. Hitamælingar í rannsóknarholunum gefa til kynna að vænta megi yfir 80 °C á 800 m dýpi. Með svarfgreiningu og jarðlagatengingum hefur fengist skýr mynd af efstu 400 m berggrunnins við Sigtún. Lagt er til að boruð verði allt að 1000 m djúp rannsóknarhola með það að markmiði að hitta á ganga sem taldir eru veita vatninu í átt til yfirborðs. Ef holan hittir á gæfar vatnsæðar gæti það orðið umtalsverður ávinningur. Hann fer þó eftir því hversu greitt sambandið við Laugaland reynist.		
<b>Lykilorð:</b> Grýta, Grýtulaug, Sigtún, rannsóknarboranir, hitamælingar, hitastigull, hitasnið, segulmælingar, gangar, jarðlagagreining, jarðlagasnið	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
	<b>Yfirfarið af:</b> ÓGF, PI	



**Arnar Hjartarson  
Ingunn María Þorbergsdóttir**

## **Niðurstöður rannsóknarborana við Grýtu og Sigtún 1999**

**Unnið fyrir Hita- og vatnsveitu Akureyrar**

**OS-2000/028**

**Maí 2000**

ORKUSTOFNUN — RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. — Sími: 569 6000 — Fax: 568 8896  
Akureyri: Glerárgötu 36, 600 Ak. — Sími: 463 0957 — Fax: 463 0998  
Netfang: [os@os.is](mailto:os@os.is) — Heimasíða: <http://www.os.is>



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>Fyrri rannsóknir</b>	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>Hitastigulsmælingar 1999</b>	<b>6</b>
3.1	Um hitastigulsmælingar . . . . .	8
3.2	Niðurstöður hitastigulsmælinga . . . . .	8
3.3	Upphitunarmælingar í holu ST-8 . . . . .	10
<b>4</b>	<b>Segulmælingar</b>	<b>10</b>
<b>5</b>	<b>Borun dýpri rannsóknarholna</b>	<b>12</b>
5.1	Hola GR-12 . . . . .	12
5.2	Holur ST-12 og ST-13 . . . . .	12
5.3	Hola ST-14 . . . . .	12
5.4	Hola ST-15 . . . . .	13
5.5	Niðurstöður hitamælinga . . . . .	13
<b>6</b>	<b>Greining jarðlaga og jarðlagatengingar</b>	<b>15</b>
6.1	Hitastigulsholur . . . . .	15
6.2	Dýpri rannsóknarholur . . . . .	17
6.2.1	GR-12 . . . . .	17
6.2.2	ST-12 . . . . .	17
6.2.3	ST-13 . . . . .	17
6.2.4	ST-14 . . . . .	17
6.2.5	ST-15 . . . . .	18
6.3	Niðurstöður jarðlagagreininga . . . . .	18
<b>7</b>	<b>Túlkun gagna og ályktanir</b>	<b>21</b>
7.1	Staðsetning djúprar rannsóknarholu ST-16 . . . . .	21
7.2	Tengsl við önnur jarðhitakerfi . . . . .	22

8	Samadregnar niðurstöður og tillögur	23
9	Heimildir	25
	<b>Viðauki A: Borholur á rannsóknarsvæðinu við Grýtu, Sigtún, Uppsali og Klauf og staðsetningar þeirra</b>	<b>27</b>
	<b>Viðauki B: Borskýrslur</b>	<b>31</b>
	<b>Viðauki C: Hitamælingar í borholum</b>	<b>47</b>
	<b>Viðauki D: Jarðlagasnið dýpri rannsóknarholna</b>	<b>57</b>
	<b>Viðauki E: Jarðlagasnið hitastigulsholna og jarðlagasúlur</b>	<b>71</b>
	<b>Viðauki F: Jarðlagamælingar</b>	<b>83</b>

## Myndaskrá

1	Jarðhitarannsóknir 1999 við Grýtu og Sigtún, yfirlitsmynd . . . . .	7
2	Hitastigulskort af Grýtu- og Sigtúnssvæðinu . . . . .	9
3	Mældur botnhiti í holu ST-8 . . . . .	10
4	Hitastigulskort og staðsetning bergganga og línulegra segulfrávika á yfirborði . . . . .	11
5	Hitasnið teiknað eftir hitastigulsfrávikinu . . . . .	14
6	Lega jarðlagasniða . . . . .	16
7	Hita- og jarðlagasnið, teiknað eftir hitastigulsfrávikinu . . . . .	19
8	Staðsetning djúprar rannsóknarholu við Sigtún . . . . .	22

## 1 Inngangur

Á síðari hluta ársins 1999 var jarðhitarannsóknnum haldið áfram á Grýtu- og Sigtúns-  
svæðinu í Eyjafjarðarsveit eftir þriggja ára hlé. Þær fólu í sér borun á 21 grunnri  
( $<100\text{m}$ ) rannsóknarholu (öðru nafni hitastigulsholu), segulmælingar og boranir á 5  
millidjúpum ( $100\text{--}400\text{m}$ ) rannsóknarholum. Tilgangur rannsókna var að kortleggja  
varmaflæði til yfirborðs og afmarka þannig uppstreymisrásina sem fæðir Grýtulaug.  
Rannsóknarholurnar áttu einnig að svara því hvort hitafrávik tengdist lágviðnáms-  
frávikum sem greindust með viðnámsniðsmælingum sumarið 1996.

Skýrsla þessi greinir frá niðurstöðum rannsókna og í lokin eru lagðar fram tillögur  
að áframhaldandi rannsóknum.

## 2 Fyrri rannsóknir

Árin 1976 og '78 hófst vinnsla á jarðhitasvæðunum við Laugaland og Ytri-Tjarnir í Öng-  
ulsstaðarhreppi í Eyjafirði eftir umfangsmiklar jarðhitarannsóknir. Þessi góði árangur  
var grunnur að lagningu hitaveitu til Akureyrar og hvatti til áframhaldandi jarðhita-  
rannsókna á svæðinu. Fóru jarðhitamenn þá að líta vonaraugum til Grýtu þar sem  
Grýtulaug vætlaði  $31\text{--}35\text{ }^\circ\text{C}$  heitu vatni. Bundnar voru vonir við að  $30\text{--}40\text{ l/s}$  af  $80\text{--}90\text{ }^\circ\text{C}$   
heitu vatni fengjust með borunum þar (Ásgrímur Guðmundsson, *ofl.*, 1982). Það mat  
var byggt á viðamiklum viðnámsmælingum sem framkvæmdar voru í Eyjafirði kringum  
1975, mælingum á jarðhitavatninu sem gaf til kynna allt að  $90\text{ }^\circ\text{C}$  heitt kerfi og á góðum  
árangri af borunum við Laugaland og Ytri-Tjarnir. Gert var segulkort af stóru svæði  
umhverfis jarðhitastaðina í Öngulsstaðarhreppi 1976 og sýnir það nokkra ganga við  
Grýtulaug með stefnu norður-suður (Hjálmar Eysteinnsson og Ólafur G. Flóvenz, 1994).  
Yfirborðsjarðhiti í nágrenni Grýtulaugar var kortlagður ítarlega vorið 1978 og sumarið  
1979 var fyrsta rannsóknarholan, GR-1, boruð. Henni var valinn staður um 80 m vestan  
við Grýtulaug og átti að skera gang sem var talinn uppstreymisrás Grýtulaugar. Holan  
varð 1067 m að dýpt en gaf ekkert vatn. Í skýrslu sem Jarðhitadeild Orkustofnunar gaf  
út í apríl 1982 eru þessar rannsóknir tífundaðar (Ásgrímur Guðmundsson, *ofl.*, 1982).  
Niðurstaða skýrslunnar var sú að á Grýtu væri  $90\text{ }^\circ\text{C}$  heitt, sjálfstætt jarðhitakerfi og að  
uppstreymisrásin væri 200 m austan við GR-1.

Árið 1982 voru framkvæmdar viðnámsniðsmælingar við Grýtu svo staðsetja mætti upp-  
streymisrás Grýtulaugar og vinnsluholu í framhaldi á því. Rannsóknum var beint að  
svæðinu milli Grýtu og Eyjafjarðarbrautar. Engin lágviðnámsfrávik fundust sem hægt  
var að tengja við vatnsleiðandi heitavatnssprungu, þó kom fram viðnámslægd austast í  
einni mælilínunni. Í kjölfar viðnámsmælinganna voru boraðar 4 rannsóknarholur (GR-  
2, GR-3, GR-4 og GR-5) sem voru 130 til 240 m að dýpt. Holur GR-3 og GR-5 hafa  
viðsnúin hitaferil sem sýnir að vatnið sem fæðir Grýtulaug rennur lárétt að lauginni.  
Uppstreymisrásin var því ennþá ófundin og talin vera mörg hundruð metrum austan  
við laugina. Að svo komnu máli var ekki talið hagkvæmt að ráðast í frekari rannsóknir  
og Hitaveitu Akureyrar ráðlagt að snúa sér að öðrum virkjunarstöðum til frekari orku-  
vinnslu (Ólafur G. Flóvenz og Ásgrímur Guðmundsson, 1984).

Sumarið 1993 var boruð um 100 m djúp hola við bæinn Sigtún skammt austan við Grýtu. Holunni var valinn staður við gang sem liggur í átt að viðnámslægðinni sem fannst 1982 (Hjálmar Eysteinnsson og Ólafur G. Flóvenz, 1993). Tilgangur hennar var kanna hvort hár hitastigull fylgdi lágviðnámslægðinni og jafnframt að sjá hvort vatnsborðsveiflur vegna vinnslunnar á Laugalandi kæmu fram í holunni. Vatnsborðsmælingar sýndu engin tengsl við vinnsluna á Laugalandi, sem bendir til sjálfstæðs vatnskerfis í grennd holunnar, þó hugsanlega væri hún ekki nógu djúp til að ná tengslum við Laugaland. Hár hitastigull mælist í holunni ( $230\text{ }^{\circ}\text{C}/\text{km}$ ) sem bendir til návistar jarðhitasprungu, hugsanlega sprungunnar sem fæðir Grýtulaug (Ólafur G. Flóvenz, 1995). Þessar niðurstöður voru jákvæðar og hvöttu til áframhaldandi rannsókna.


Sumarið 1996 voru gerðar viðnámsniðsmælingar í brekkunum austan við Grýtu og við bæina Sigtún, Uppsali og Klauf. Þeim var ætlað að rekja lágviðnámsfráviknið sem fannst 1982 og sjá hvort það tengdist holu ST-1 á einhvern hátt. Tvö lágviðnámssvæði fundust. Vestara svæðið er rétt ofan við Eyjafjarðarbraut milli Uppala og Sigtúns en það austara um 300 m austan við Uppsali. Lágviðnámsfrávikin í vestara svæðinu virðast falla saman við legu bergganga á svæðinu og var talið að heitavatnsæðar væru tengdar þeim. Engin merki um vatnsleiðandi ganga eða sprungur fundust í efstu 200 m berggrunnins sem gætu tengt lágviðnámssvæðin við vinnslusvæðið á Laugalandi. Út frá þessum niðurstöðum var ákveðið að halda rannsóknum áfram með borunum á nokkrum hitastigulsholum til að staðfesta niðurstöður viðnámsmælinganna og afmarka uppstreymisrásina betur (Arnar Hjartarson, 1997). Þessar rannsóknir fóru síðan fram þremur árum síðar eða seinni hluta árs 1999 og er gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu.

### 3 Hitastigulsmælingar 1999

Boranir á grunnum (60–100 m) hitastigulsholum hófust í byrjun ágúst 1999. Fram í lok september var boruð alls 21 hitastigulshola við bæina Grýtu, Sigtún, Uppsali og Klauf (holur GR-6 til GR-11, ST-2 til ST-11, KL-4 til KL-7 og US-4). Þeirri venju var haldið að auðkenna hverja holu með hlaupandi númeri og tveimur bókstöfum í nafni landareignarinnar sem holan er á. Holurnar voru staðsettar með GPS landmælingatæki og mælingarnar mismunaleiðréttar eftir á með gögnum frá Hafnamálastofnum, og fæst yfirleitt með því nákvæmni upp á örfáa metra. Í viðauka A koma fram upplýsingar um allar borholur á rannsóknarsvæðinu sem er áætlað um  $1,5\text{ km}^2$  að stærð. Staðsetningu þeirra má sjá á mynd 1. Fóðringar holnanna eru 140 mm að innanmáli með 6,3 mm stálþykkt. Holuvídd neðan fóðringar er 115 mm. Borskýrslur er að finna í viðauka B.

Sérfræðingar Rannsóknasviðs Orkustofnunar á Akureyri höfðu umsjón með verkinu og unnu þeir úr gögnunum jafnóðum og þau bárust og staðsettu nýjar holur í kjölfarið. Um boranir sá Alvarr ehf., borana og verkfræðiþjónusta, undir stjórn Friðfinns Daníelssonar.





Mynd 1: Jarðhitarannsóknir 1999 við Grýtu og Sigtún. Myndin sýnir rannsóknarsvæðið og staðsetningu allra borholna þar, mælisvæði segulmælinga sem gerðar voru í október 1999 og lágviðnámsfrávik sem fundust sumarið 1996.

### 3.1 Um hitastigulsmælingar


Hitastigulsmælingar hafa reynst ágætlega til að staðsetja uppstreymisrásir í jarðhitakerfum á Íslandi (Grímur Björnsson og Kristján Sæmundsson, 1998). Hitastigulsmælingar fara þannig fram að boraðar eru grunnar borholur (60–100 m) í berggrunninn og hiti síðan mældur með dýpi. Hitastigull segir til um hversu mikið hitinn hækkar með dýpi og er vanalega gefinn upp í einingunni  $^{\circ}\text{C}/\text{km}$ . Sé hitastigullinn ótruflaður endurspeglar hann varmaflæði til yfirborðs. Hitastigull án áhrifa jarðhitakerfa er kallaður svæðisbundinn hitastigull eða bakgrunnshitastigull. Bakgrunnshitastigull ræðst aðallega af aldri jarðskorpunnar og lækkar yfirleitt með fjarlægð frá gosbeltunum. Hann er um  $40\text{--}60^{\circ}\text{C}/\text{km}$  í Eyjafirði utan jarðhitasvæða. Innan jarðhitasvæða er hitastigull nálægt yfirborði meiri en utan þeirra og því eru hitastigulsmælingar hentugar til leita á jarðhitakerfum. Hitastigulsmælingar má svo í framhaldi af því nota til að staðsetja uppstreymissvæði kerfanna á hitastigulskorti.

Þó að hitastigulsfrávik hafi verið kortlagt er ekki þar með sagt að þar sé örugglega heitt vatn á ferðinni. Hitastigulsfrávik koma iðulega fram ef vatn rennur í einhverju magni um sprungur nálægt yfirborði í berggrunninum. Það á jafnt við hvort sem vatnið er heitt eða volgt. Jarðhitaleit með hitastigulsmælingum miðar af því að finna slík frávik, tengja þau öðrum jarðfræðilegum gögnum og bora síðan dýpri rannsóknarholu til að kanna hvort sé um að ræða rennsli á heitu eða volgu vatni. Vert er að hafa í huga nokkur atriði sem geta truflað mælingar á hitastigli, svo sem rennsli milli æða í rannsóknarholunni, vatnsrennsli í jarðlögum, mismunandi varmaleiðni bergs í nágrenni holunnar og landslagsáhrif (Árni Hjartarson *ofl.*, 2000).

### 3.2 Niðurstöður hitastigulsmælinga

Niðurstöður hitastigulsmælinganna má sjá á mynd 2. Á því kemur fram afmarkað hitastigulsfrávik milli Grýtu og Sigtúns. Það hefur stefnu suðaustur-norðvestur og hámarksstigul um  $340^{\circ}\text{C}/\text{km}$  nálægt GR-6. Á mynd 2 er einnig sýnd lega viðnámsfrávikanna sem mældust sumarið 1996 (Arnar Hjartarson, 1997). Ekki er hægt að tengja þau hitastigulsfrávikinu og því er ólíklegt að þau séu merki um sprungur eða ganga sem leiða heitt vatn. Hitaferlar í holum GR-3, GR-5, GR-10 og GR-11 eru truflaðir af láréttu rennsli og því er ekki hægt að áætla hitastigullinn í þeim. Hitastigulskortið byggir ekki á gögnum frá þessum holum. Hitamæliferlar allra borholna á rannsóknarsvæðinu eru sýndir í viðauka C.


Í lok september lauk borunum vegna hitastigulsmælinga. Þóttu niðurstöður mælinganna það jákvæðar að farið var yfir á næsta stig rannsóknarinnar, þ. e. að bora millidjúpa (100–400 m) rannsóknarholu til að kanna hitastig dýpra í berggrunninum. Áður en það var gert þótti ráðlagt að segulmæla yfir hitastigulsfráviknið til að athuga hvort einhver brot eða gangar greindust í berggrunninum sem gætu auðveldað leið heitavatnsins til yfirborðs.



*Mynd 2: Hitastigulskort af Grýtu- og Sigtúnssvæðinu. Á kortinu má einnig sjá legu hita- og jarðlagasniðs.*

### 3.3 Upphitunarmælingar í holu ST-8


Upphitunarmælingar fóru fram í holu ST-8 23. og 24. ágúst. Tilgangur þeirra var að sjá hve langan tíma það tæki dæmigerða hitastigulsholu að komast í jafnvægi eftir borun og ná því sem næst berghita. Borun holu ST-8 lauk kl. 10:30 þann 23. ágúst og var fyrsta hitamæling framkvæmd kl. 11:30, strax eftir upptekt. Næstu mælingar voru gerðar kl. 12:05, 13:13, 15:45, 22:30 og kl 8:00 þann 24. Mynd 3 sýnir mældan botnhita í holunni. Á henni sést hvernig hitinn breytist mest í upphafi og minna eftir því sem lengra líður frá borlokum. Af myndinni má ráða að hitabreytingar í botnhita eru orðnar litlar eftir sólarhring frá borlokum. Hitamælingar í hitastigulsholunum eiga því að sýna hita nálægt berghita séu þær framkvæmdar sólarhring eftir borlok. Þetta gildir að því tilskyldu að hitamælingarnar séu ekki truflaðar af millirennslu.



Mynd 3: Mældur botnhiti í holu ST-8.

## 4 Segulmælingar

Segulmælingar voru gerðar yfir hitastigulsfráviknið í byrjun október til að athuga hvort einhver brot eða gangar greindust í berggrunninum sem gætu auðveldað leið heitavatnsins til yfirborðs (Hjálmar Eysteinnsson, 1999). Mælisvæði segulmælinganna má sjá á mynd 1 og niðurstöðurnar á mynd 4. Í segulmælingunum koma fram 3 gangar í brekkunum ofan við Grýtu og gangaþyrping milli Eyjafjarðarbrautar og Sigtúns. Meginstefnur gangana eru N 5–8°A, N–S og N 7–11°V. Í mælingunum koma einnig fram veik línuleg segulfrávik á miðbiki mælisvæðisins með stefnu nálægt N 115°A. Þessi frávik hafa svipaða stefnu og hitastigulsfráviknið á svæðinu og annað þeirra fellur alveg við hitastigulshámakið.



Mynd 4: Hitastigulskort og staðsetning bergganga og línulegra segulfrávik á yfirborði.

## 5 Borun dýpri rannsóknarholna

Fyrsta millidjúpa borholan, GR-12, var boruð í lok október. Í desember voru boraðar fjórar aðrar millidjúpar rannsóknarholur: ST-12, ST-13, ST-14 og ST-15. Tilgangurinn með þessum holum var að kanna berghita í berggrunninum og afmarka legu uppstreymisrásarinnar enn frekar. Fjallað verður um hverja holu fyrir sig hér á eftir. Holurnar voru allar fóðraðar með 168 mm víðri fóðringu að innanmáli og 4,5 mm stálþykkt. Neðan fóðringar eru holurnar 140 mm víðar. Hitamælingar og jarðlagagreiningar úr holunum er að finna í viðaukum C og D.

### 5.1 Hola GR-12

Við val á staðsetningu GR-12 var tekið mið af háum hitastigli í GR-6 og niðurstöðu segulmælinganna. Hún var því staðsett um 30 metrum austan við GR-6 og rétt við syðra segulfrávikid. Borun lauk 27. október og varð holan 316 m að dýpt. Hitamælingar í holunni sýna að greinilegt millirennslí er í holunni. Vatn virðist streyma inn í holuna á um 63 m dýpi, þaðan niður og út á um 150 m dýpi. Þessu til staðfestingar voru þann 28. okt. settar niður stangir á um 100 m dýpi og holan loftblásin í um tvo tíma. Eftir að loftblæstri var lokið var holan hitamæld nokkrum sinnum. Þá kom í ljós að hún hafði hitnað ofan æðarinnar á 150 m dýpi meðan á blæstri stóð en fór kólnandi eftir að blæstri lauk. Þessi tilraun staðfesti millirennslí í holunni. Botnhitinn í holunni mældist um 53 °C. Það bendir til þess að holan sé staðsett vestan megin við uppstreymisrásina, sé miðað við hitann í GR-1, sem er kringum 37 °C á sama dýpi, miðað við sjávarmál.

### 5.2 Holur ST-12 og ST-13

Holur ST-12 og ST-13 voru boraðar í þeim tilgangi að afmarka austurkant hitafráviksins sem kemur fram í hitamælingum úr holu GR-12. Holurnar voru báðar boraðar í 103 m dýpi og lauk borunum dagana 1. og 6. desember. Hitamælingar í holunum sýna engin merki um millirennslí og er áætlaður hitastigull í þeim í kringum 83 °C/km og 111 °C/km. Framlengingar á hitastiglum benda til þess að uppstreymisrásin sé vestanmegin við ST-13.

### 5.3 Hola ST-14

Hola ST-14 var boruð niður á 187 m dýpi daganna 8. til 10. desember. Ekki var unnt að bora holuna dýpri vegna hruns í henni á 53–67 m dýpi. Hitamælt var þann 11. des. í stöngum eftir næturhlé. Hitamælingin gefur til kynna millirennslí í holunni. Holan var aftur hitamæld 5. apríl 2000. Í millitíðinni hefur hún kólnað neðan við 50 m en hitnað þar fyrir ofan. Svo virðist sem vatn seytili inn í holuna í kringum hrunkaflann en fari líklega út úr henni á um 170 m dýpi. Fyrirstaða er í holunni á 121 m dýpi og erfiðlega gekk að koma hitamælinum í gegnum hrunkaflann á 53–67 m dýpi. Í desember mældist


botnhitinn  $47,3^{\circ}\text{C}$ . Svipaðan hita er að finna 35 m neðar í GR-12. Það er því ljóst að ST-14 liggur nær uppstreymisrásinni en GR-12.

## 5.4 HOLA ST-15

Borun holu ST-15 lauk 29. desember. Holan varð 400 m að dýpt og var hún boruð í tveimur áföngum. Hitamælingar sýna millirennslu í holunni líkt og mældist í GR-12. Vatn virðist leka inn í holuna á um 65 m dýpi, renna þaðan niður og út á rúmlega 180 m dýpi. Engin æð virðist vera þar fyrir neðan. Hitamælingarnar eiga því að gefa berghita á 200 til 400 m dýpi. Botnhitinn í ST-15 mældist  $62,7^{\circ}\text{C}$ . Hitastigullinn er í kringum  $130^{\circ}\text{C}/\text{km}$  á dýptarbilinu 200–300 m og  $90^{\circ}\text{C}/\text{km}$  í síðustu 100 m holunnar. Ef gert er ráð fyrir  $50^{\circ}\text{C}/\text{km}$  meðalhitastigli á dýptarbilinu 400–800 m, má búast við vel yfir  $80^{\circ}\text{C}$  hita á 800 m dýpi.

## 5.5 Niðurstöður hitamælinga

Á mynd 5 er birt hitasnið teiknað eftir hitastigulsfrávikinu. Lega þess er sýnd á mynd 2. Jafnhitalínurnar í efsta hluta berggrunnins eru byggðar á gögnum úr grunnu og millidjúpu borholunum. Neðar í berggrunninum eru jafnhitalínurnar aðeins teiknaðar útfrá gögnum í dýpri rannsóknarholunum (GR-1, GR-12, ST-12 til ST-15). Hitasniðið sýnir greinilegt hitahámark undir holu ST-14 og ST-1 neðan 200 m dýpis og fylgir best legu austasta gangsins við ST-1. Þess ber þó að gæta að staðsetning hámarksins er ákvörðuð með aðeins 3 holum. Ofan við 200 m jafnast hámarkið út og jafnhitalínurnar verða næstum láréttar sem bendir til lárétts rennslis útfrá uppstreymisrásinni. Á hitasniðinu kemur einnig fram viðsnúningur í jafnhitalínum austan við Grýtulaug sem eru greinileg merki um lárétt rennslu að lauginni.



Mynd 5: Hitasnið teiknað eftir hitastigulsfrávikinunni. Legu þess má sjá á mynd 2.



## 6 Greining jarðlaga og jarðlagatengingar

Svarfi var safnað með 2 m millibili úr öllum holum meðan á borun stöð og var það skoðað í smásjá. Svarfgreining leiðir í ljós að flestar holurnar eru boraðar í lárétt lagskiptan basaltstafla þar sem rauð millilög og hraunlagakargi einkenna oft á tíðum lagmót. Í 5 holum (GR-9, KL-6, ST-5 ST-12 og ST-15) koma fram berggangar.

Jarðlagamælingar fóru fram í holum GR-12, ST-08, ST-01 og ST-06 meðal annars til að auðvelda jarðlagatengingar. Holurnar voru mældar með tilliti til gammageislunar og nifteindageislunar. Mælingar á gammageislun hafa verið notadrjúgar við jarðlagatengingar því þær sýna geislavirkni jarðlaga. Þannig koma kísilsýrurík jarðlög fram sem toppar í gammamælingu því þau eru auðugri af úrani og þóríni en basísk jarðlög. Ennfremur koma leirrík millilög fram sem toppar því þau innihalda tiltölulega mikið af kalíum en hluti ísótópa þess er geislavirkur. Í lagskiptum basaltstafla (eins og í austanverðum Eyjafirði) mælist gammageislunin jafnan hærri í millilögum en basaltlögum og gefa því vísbendingar um lagmót í jarðlagastaflanum.


### 6.1 Hitastigulsholur

Svarf allra hitastigulsholna á rannsóknarsvæðinu var skoðað. Með tilliti til hitastigulsholanna voru 6 jarðlagasnið dregin um svæðið milli Grýtu og Sigtúns. Jarðlagasniðin má finna í viðauka E en legu þeirra má sjá á mynd 6. Gert var ráð fyrir að stríkstefna jarðlaga væri N 60° A og hallinn að meðaltali 9°. Við gerð jarðlagatenginga var tekið mið af niðurstöðum svarfgreininga auk þess sem jarðlagamælingar voru skoðaðar. Holunum við Uppsali og Klauf er sleppt í jarðlagatengingunum því þær tengjast ekki öðrum holum svo öruggt geti talist. Holu GR-7 er einnig sleppt í jarðlagatengingunum því jarðlagastaflinn í henni samsvarar þeim sem finnst í GR-6.

**Snið 1** er teiknað frá holu GR-11 í stefnu 226° um holu GR-6, ST-8, ST-6 og ST-10 og er halli jarðlaga um 7–8° í þessa stefnu. Að minnsta kosti 16 basaltlög koma fyrir í sniðinu og er þykkt þeirra frá 2 m upp í 16 m. Tenging á milli holu GR-11 og GR-6 byggir á stak-stórdílóttu basaltlagi. GR-6 og ST-8 tengjast með fín til meðalkorna basaltlögum en ST-8 og ST-6 tengjast með smádílóttu basalti og rauðu millilagi sem liggur undir því. Ferlar fyrir gamma- og nifteindageislun benda til samsvarandi tenginga milli ST-8 og ST-6 og ennfremur tengingu um ST-1 (boruð 1993). Stórdílótt basalt ásamt millilögum og fín- til meðalkorna basalt tengir svo holu ST-6 við ST-10.

**Snið 2** er um holu GR-8, GR-6 og GR-10 í stefnu 123° sem er nærri stríkstefnu jarðlaga á svæðinu og halli jarðlaga milli holanna nánast 0°. Sniðið geymir að minnsta kosti 17 basaltlög og er þykkt einstakra laga frá 2 til 12 m. Í öllum þremur holunum kemur stórdílótt lag fyrir. Í holum GR-8 og GR-6 er það stakdílótt og er í botni beggja holna en er ofarlega í GR-10.

**Snið 3** liggur frá holu GR-08 um ST-9, ST-8 og ST-3 í stefnu 165° og er halli jarðlaga í þá stefnu um 4°. Að minnsta kosti 15 basaltlög koma fyrir í holunum. GR-8 var varpað inn á sniðið og tengir fín- til meðalkorna basaltlag hana við ST-9. Holu ST-9, ST-8 og ST-3 tengjast allar saman á smádílóttu basaltlagi og fremur þykku setlagi sem undir



Mynd 6: Lega jarðlagasniða

því liggur.

**Snið 4** teygir sig í stefnu  $195^\circ$  í gegnum holur ST-3, ST-7 og ST-11. Jarðlögum í sniðinu hallar um  $8^\circ$  og eru þar á meðal að minnsta kosti 8 basaltlög. Holurnar tengjast allar með smádílóttu basaltlagi og rauðu millilagi sem undir liggur.

**Snið 5** er í stefnu  $284^\circ$  frá holu ST-7 í gegnum ST-6 og ST-4. Halli jarðlaga í tiltekna stefnu er um  $2^\circ$ . Tíu basaltlög koma fyrir í sniðinu og eru að minnsta kosti 6 þeirra dílótt. Þykkt laganna er á bilinu 2 til 12 m. Dílótt basaltlag tengir allar holurnar saman og enn fremur tengir rautt/grænt millilag holur ST-7 og ST-6.

**Snið 6** liggur frá holu ST-11 í stefnu  $287^\circ$  um holur ST-10 og ST-2. Halli jarðlaga í þá stefnu er 1 til  $2^\circ$ . Um 8 basaltlög koma fyrir í sniðinu og eru allavega 4 þeirra dílótt. Holur ST-11 og ST-10 tengjast með stórdílóttu basaltlagi sem og fín- til meðalkorna basaltlagi. Tenging milli ST-10 og ST-2 er um vatnsleiðandi rautt millilag sem liggur á milli dílótt basalts og fín- til meðalkorna basalts. Setlagið skiptir holu ST-2 í dílalausán fín- til meðalkorna efrihluta og dílóttan neðrihluta.

## 6.2 Dýpri rannsóknarholur

### 6.2.1 GR–12

Svarfi var safnað frá 12 m niður á 316 m dýpi við borun holu GR–12. Jarðlögum í holunni er hægt að skipta upp í þrjár syrpur. Jarðlög í efstu 126 m einkennast af blönduðu bergi þar sem fín- til meðalkorna basalt finnst, ýmist dílótt og dílalaust. Þar undir liggur um 32 m þykk eining úr meðal- til grófkorna basalti sem nær niður á 158 m dýpi og eru tvö þessara laga dílótt. Þá tekur við syrpa úr dílóttum fín og grófkorna basaltlögum sem nær niður í botn holunnar á 316 m dýpi. Tvær vatnsæðar eru í holunni. Önnur þeirra er á 68 m en hin er á 158 m dýpi og koma þær báðar fram í millilögum.

### 6.2.2 ST–12

Við borun ST–12 var skoðað svarf frá 32 m dýpi niður í botn holunnar á 102 m dýpi. Niður á 66 m dýpi er að finna 4 fínkorna basaltlög og er hið efsta stakdílótt. Síðan tekur við lítið ummyndað þéttdílótt grófkorna basalt niður í botn holunnar. Hugsanlega er um gangberg að ræða í neðri hluta holunnar. Vatnsæð kemur inn í holuna á 66 m dýpi á mótum berggangsins og og fínkornóttu basaltlaganna.

### 6.2.3 ST–13

Svarfsýni voru tekin frá 10 m dýpi niður á 103 m við borun holu ST–13. Svarfgreining leiðir í ljós að flest jarðlaganna eru plagíóklas dílótt. Í meirihluti dílóttu jarðlaganna eru dílaþéttleiki mikill og lögin morkin. Tilhneiging er til að flokka efstu 86 m holunar í dílótta syrpu en að lögin þar neðan sem hluta af blönduðu syrpu sem sést í holu GR–12. Neðarlega í holunni finnst gyllt húð og pýrít sem getur bent til að innskot leynist í berginu rétt við holubotn. Vatnsæð kemur fram í hraunkarga og seti á 96 m dýpi í holunni.

### 6.2.4 ST–14

Svarf úr holu ST–14 var skoðað frá 8 m niður í botn holunnar á 186 m dýpi. Fremur grófkorna basaltlög með mikinn dílaþéttleika eru í efstu 26 m holunnar. Lög þessi eru morkin og eru samskonar og finnast á 76 til 86 m dýpi í ST–13. Jarðlög frá 26 m og niður í botn holunnar eru blönduð. Flest eru þau þétt fín til meðalkorna og einhver þeirra dílótt. Á 52 til 66 m dýpi er jarðlag fremur laust í sér og hrungjarnt. Vatnsæð kemur inn í holuna á þessum hrungjarna kafla. Svarf jarðlaga sem eru neðan setlagsins er mengað af svarfi úr því vegna þess að sífellt kvarnast molar úr því við borunina. Þessi blöndun torveldar svarfgreiningu. Hugsanlega er innskot í holunni, á 164 til 178 m dýpi. Mikið safn útfellinga fylgir því að ofan- og neðanverðu. Vatnsæð kemur inn í holuna á um 180 m dýpi á mótum berggangs og dílabasalts.

### 6.2.5 ST-15

Skóðað var svarf af 6 til 400 m í holu ST-15. Efstu 46 m holunnar eru morkin basaltlög með mikinn dílapéttleika. Þétt fínkorna basaltlög eru inn á milli dílabasaltsins. Jarðlög í holunni frá 46 m dýpi niður á 188 m eru blönduð eins og efsti hluti GR-12 þar sem dílótt og dílalaust fínt til grófkorna basalt er að finna. Á 158 til 182 m dýpi í holunni er berggangur sem einkennist á lítið ummynduðu grófkorna basalti. Þrjár vatnsæðar eru í holunni. Minniháttar æðar eru á 68 m og 115 m dýpi en á 180 m dýpi er vatnsæð sem kemur fram við hitamælingu.


Hvað varðar tengingar jarðlaga í djúpu rannsóknarholunum þá er örugga jarðlagatengingu að finna á milli GR-12 og ST-15. Um er að ræða einstakt gróft, hart og litríkt setlag á 242 m dýpi í GR-12 og á 306 m dýpi í ST-15. Fínkornótt grænt setlag liggur undir því grófa í hvorri holu fyrir sig. Líkleg tenging er milli holanna á lagmótum fín- til meðalkorna basalts (dílalaust) og meðalkorna dílabasalts á 158 m dýpi í GR-15 og á 216 m dýpi í ST-15.

Morkið, þéttdílótt meðal- til grófkorna basalt er hægt að tengja milli holna í landi Sigtúns og er botn þess að finna á 26 m dýpi í ST-14, á 46 m dýpi í ST-15 og á 86 m dýpi í ST-13. Borið saman við snið 1 þá er umrætt jarðlag á um 10 m dýpi í ST-08 og um 36 m dýpi í ST-06. Jarðlagamælingar (sjá í viðauka F) í ST-08 og ST-06 styðja jafnframt þessa tengingu milli holanna tveggja.

## 6.3 Niðurstöður jarðlagagreininga

Í landi Sigtúns er að finna nokkur basaltlög með mikinn dílapéttleika sem rekja má milli borhola. Inn á milli dílabasaltlaganna eru dílalaus fín- til meðalkorna þétt basalhraunlög en minna af meðal- til grófkorna basaltlögum. Berggrunnur Grýtu samanstendur að mestu af dílalausum basaltlögum. Þó finnast þar stór- og smádílótt lög en þá er þéttleiki dílanna mun minni en dílabasaltlaganna í landi Sigtúns. Sökum fjölbreytileika basaltlaganna má líta á bergrunn Grýtu sem hluta af syrpu sem einkennist af blönduðu basalti og sem er í heildina um 150 m þykk. Undir blandaða basaltinu á athugunarsvæðinu er 30 til 40 m þykk syrpa úr fín- til grófkorna þunnum basaltlögum með nánast engum millilögum. Tvö basaltlög syrpu eru dílótt og tengir annað þeirra, sem er í miðri syrpu, holur GR-12, ST-14 (neðsta lagið) og ST-15. Segja má að syrpan einkennist af beltuðu ólivínbasalti. Syrpa af dílabasaltlögum tekur við af ólivínbasaltsyrpu sé skyggst neðar í jarðlagastaflann og er minnsta kosti til staðar uns náð er botndýpi rannsóknarholna á athugunarsvæðinu.

Jarðlagasniðin 6 sem dregin voru á milli hitastigulsholna og tengingar milli dýpri rannsóknaholna í landi Grýtu og Sigtúns gefa til ekki kynna að um verulegt jarðhnik (normal misgengi) sé að ræða á svæðinu sem holurnar eru á. Segulkort af svæðinu ber heldur ekki vott um verulegt jarðhnik (Hjálmar Eysteinnsson, 1999).



Mynd 7: Hita- og jarðlagasnið, teiknað eftir hitastigulsfrávikinu.

Jarðlögin sem einkenna jarðlagastafla rannsóknarsvæðisins má tengja við jarðfærðikort af Eyjafirði (Árni Hjartarson og Hafdis Eygló Jónsdóttir, 1999). Morknu, þéttdílóttu basaltlögin tilheyra jarðlagaeiningu er á jarðfræðikortin nefnist Stórhamarsdílabasalt (hr4). Jarðlög þar undir sem hér hafa verið flokkuð saman sem blandað basalt samsvara því sem fengið hefur heitið Blönduð basaltsyrpa (hr3). Samkvæmt Hita- og jarðlagasniði sem fram kemur á mynd 7 liggja mörkin á yfirborði milli Stórhamarsdílabasaltsins og blönduðu syrpu nálægt Eyjafjarðarbraut, vestan við holu ST-08. Það ekki fjarri því sem fram kemur á jarðfræðikortinu. Dílabasalteiningin sem er undir blandaða basaltinu nefnist á jarðfræðikortinu Hrafnagilsdílabasalt (hr1). Borholur við Hrafnagil Laugaland eru í þessum jarðlögum. Eining beltaða ólivínbasaltsins, sem kemur fram á Grýtu-Sigtúnssvæðinu, er ekki sérstaklega auðkennd á jarðfræðikortinu en er til staðar á mörkum Blönduðu basaltsyrpu og Hrafnagilsdílabasaltsins (Árni Hjartarson, 2000) og kemur jafnframt fram í sumum borholum við Laugaland (Axel Björnsson *ofl.*, 1979).

Mögulegt er að tengja jarðlagastaflann á athugunarsvæðinu við snið Kristjáns Sæmundsonar sem hann tók í Fiskilæk og er að sjá í skýrslu eftir Axel Björnsson o.fl. (1979). Þar er Stórhamarsdílabasaltið (hr4) á hæðarbilinu 380 til 440 m yfir sjávarmáli. Þar undir er basaltið sem hér hefur verið talað um sem blandað basalt. Vera má að mót blandaða basaltsins og beltaða ólivínbasaltsins, sem eru á 158 m dýpi í GR-12 og 216 m dýpi í ST-15, samsvari jarðlagamótum í um 270 m hæð í sniðinu við Fiskilæk.

Þykk millilög fylgja dílóttu basalhraunlögunum fremur en þeim dílalausum. Svo virðist sem holur boraðar í dílabasaltsyrpu (hr4), sem einkennir berggrunn að Sigtúni, Klauf og Uppsölum, séu hrungjarnari en holurnar sem boraðar voru í dílalausum syrpu (hr3) í landi Grýtu.

Smáæðar koma fram í nokkrum hitastigulsholnanna og er í flestum tilvikum um lek millilög að ræða. Þar sem þykk millilög og dílabasaltlög virðast fylgjast að skýrist jafnframt sú staðreynd að smáæðar fannst frekar í hitastigulsholum í Sigtúni en Grýtu. Í dýpri rannsóknarholum er einnig að finna vatnsleiðandi millilög og einskorðast þau við efsta hluta jarðlagastaflans nema í holu GR-12. Vatnsleiðandi bergganga er að finna í neðri hluta holu ST-14 og ST-15 sem og í ST-12.

Leirsteindir og seólítar eru helstu ummyndunarsteindir í berglögunum og teljast til mesólít-skólesít ummyndunarbeltisins. Einnig gætir oxunar á setlögum og hraunlagakörgum. Helstu leirsteindir eru seladónít (grænn) og klórófeit (svartur) en seólítarnir eru skólesít, mesólít, heulandít, kabasít, analsím og thomsónít (ekki öruggt). Seólíta og seladónít er einkum að finna við lagmót en klórófeitið nær að breiðast inn í sjálf hraunlögin. Kvars og glerhallur finnast í nokkrum holnanna. Í holum ST-10, ST-6, GR-12, ST-14 og ST-15 eru merki um holufylltar sprungur.

## 7 Túlkun gagna og ályktanir

Ofangreindar rannsóknarniðurstöður gefa tilefni til eftirfarandi ályktana. Hitahámark finnst undir holum ST-1 og ST-14 á um 200–300 m dýpi í berggrunninum samkvæmt myndum 5 og 7. Hitahámarkið fellur saman við tvo bergganga sem hallar til vesturs og koma fram á yfirborði við ST-1. Hitahámarkið stafar því af flæði vatns djúpt úr berggrunninum meðfram göngunum í átt til yfirborðs. Hitasniðið sýnir að ofan 200 m dýpis jafnast hitahámarkið út og jafnhitalínurnar verða nær láréttar norðvestanmegin við hámarkið. Þetta bendir sterklega til þess að vatnið leyti úr uppstreymisrásinni og renni lárétt upp eftir jarðlagahallanum í vatnsgæfari lögum í blönduðu basaltsyrpunni (hr3) og í átt að Grýtulaug. Hitaferlar í holum GR-3, GR-5, GR-10 og GR-11 er aðeins unnt að skýra með láréttu rennsli og styðja þetta frekar. Hitastigulsfrávikíð í kringum ST-1 og ST-14 er frekar mjótt miðað við að uppstreymið sé eftir göngunum sem liggja norður-suður. Því má álykta að að vatnið berist upp eftir göngunum á tiltölulega stuttum kafla áður en það fer út í jarðlögin.


